



Tillaga	A 1926/ PRE Þingmannatillaga um samstarf Norðurlanda um öryggis- og varnarmál
Flytjandi:	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Forsætisnefnd

A 1926/PRE Þingmannatillaga um samstarf Norðurlanda um öryggis- og varnarmál

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna að

- gerð verði „Stoltenberg II-skýrsla“ um samstarf Norðurlanda um öryggis- og varnarmál og
- gerð verði úttekt á hlutverki Norðurlandaráðs og ráðherraráðsins í tengslum við samstarf Norðurlanda um öryggis- og varnarmál.

Bakgrunnsupplýsingar

Í skoðanakönnun sem gerð var árið 2021, þar sem 3.400 einstaklingar á Norðurlöndum voru spurðir um skoðanir sínar og forgangsröðun í tengslum við norrænt samstarf, voru öryggi, varnir, viðbúnaður og loftslag langefst á lista. Það er engin nýlunda að þessi svið séu efst á baugi, því þau hafa verið efst á lista í síðustu þremur skoðanakönnunum okkar sem við höfum framkvæmt síðastliðin fimm ár. Málefnið nýtur mikils stuðnings á meðal íbúa landanna og mikil eftirspurn er eftir auknu norrænu samstarfi um öryggi og varnarmál.

Í byrjun árs 2021 lagði flokkahópur miðjumanna fram tillögu um „Stoltenberg II-skýrslu“ um viðbúnaðarmál og sú skýrsla varð að veruleika með Enestam-skýrslunni um almannavarnir. Kaflinn sem fjallaði um hernaðarvarnir og -öryggi var felldur niður, ef til vill af eðlilegum orsökum, í miðjum kórónuveirufaraldrinum.

Síðan þá hefur margt breyst í öryggisumhverfi Norðurlanda. Grimmileg árás Rússlands á Úkraínu í lok febrúar 2022 leiddi til þess að Finnland og Svíþjóð sóttu um inngöngu í NATO og í Danmörku hurfu efasemdir um sameiginlegar varnir Evrópusambandsins.

Norrænt varnarmálasamstarf hófst undir nýja heitinu Nordefco í lok árs 2009 eftir birtingu hinnar svonefndu Stoltenberg-skýrslu. Hernaðarsamstarfið hefur þróast frá því að ná fram sparnaði í aðföngum til samstarfs sem í dag er hernaðarlega mikilvægt og hefur það markmið að aðgerðir verði samræmdar þegar hættuástand ríkir. Þetta kemur fram í framtíðarsýn Norefco fyrir árið 2025 sem kynnt var árið 2018, þar sem samstarfið er útvíkkað til að ná einnig utan um hættuástand („peace, crisis and conflict“). Nordefco-samstarfið tekið á sig ýmsar



myndir, að hluta til vegna ólíkra landfræðipólítískra aðstæðna í löndunum og að hluta til af flokkapólítískum ástæðum.

Sérfræðingar í öryggismálum telja að með aðild Finnlands og Svíþjóðar að Atlantshafsbandalaginu hverfi hindranir fyrir nánara Nordefco-samstarfi landanna fimm. Eitt dæmi um slíka hindrun er miðlun trúnaðarupplýsinga eða leynilegra upplýsinga. Sem aðildarríki NATO hafa Finnland og Svíþjóð aðgang að sömu upplýsingum og Noregur, Danmörk og Ísland. Þau eru nú hluti af sömu boðvaldsskipan í NATO. Forsendur norræns varnarmálasamstarfs styrkjast því verulega.

Haustið 2022 hefst vinna við gerð nýs skipulags varnarmála í NATO. Þegar Svíþjóð og Danmörk auka árlegt framlag sitt varnarmála upp í þau 2% af þjóðarframleiðslu sem NATO gerir kröfu um liggur beint við að Norðurlöndin vinni saman að því að hámarka áhrif sameiginlegra varna bæði í Eystrasalti og á norðurslóðum. Um leið er mjög mikilvægt að fylgja samnorrænni stefnu um öryggisaðstæður í ljósi innrásar Rússlands í Ukraínu og breyttar aðstæður í kjölfar hennar. Þá þarf sameiginleg greining á aðstæðum að taka tillit til mismunandi landfræðipólítískra aðstæðna landanna til skapa raunsæjan grundvöll fyrir sameiginlegar aðgerðir. Flokkahópur miðjumanna mælir með því að Norðurlöndin hefji nú þessa greiningarvinnu.

Reykjavík, 6. september 2022

Anders Adlercreutz (sv)

Anders Eriksson (ÅF)

Bertel Haarder (V)

Edmund Joensen (sb)

Eva Biaudet (sv)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)

Hanna Katrín Friðriksson (Vr)

Heli Järvinen (gröna)

Jaspar Langgaard (sb)

Mikko Kinnunen (cent)

Mikko Kärnä (cent)

Ola Elvestuen (V)

Ola Johansson (C)

Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)